Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Skilað í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 29. júní 2021.

Efni: Umsögn við skýrslu starfshóps heilbrigðisráðherra um *Framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda.*

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við skýrslu starfshóps heilbrigðisráðherra um *Framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda*. Skýrslan er metnaðarfull og vandlega unnin með vísan í kenningar, úrræði á vegum ríkis og SÁÁ, farsældarfrumvarp og heilbrigðisstefnu til ársins 2030 en ber keim af því að ekki var leitað eftir sérþekkingu félagsráðgjafa í starfshópinn en fjölmargir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig á þessu sviði. Félagið verður því að gera athugasemdir við að félagsráðgjafi með sérþekkingu í málefnum barna og ungmenna með neyslu- og fíknivanda hafi ekki verið í starfshópnum, sérstaklega í ljósi þess sem fram kemur í erindisbréfi hans um að:

> *Vandi barna og ungmenna með neyslu- og fíknivanda getur verið bæði flókinn og fjölþættur og því þarf fjölbreytt úrræði til að þau nái bata. Algengt er að þau glími einnig við annan geðheilbrigðisvanda og félagslega erfiðleika. Því er mikilvægt að horfa á heildarmyndina þegar leitað er lausna.*

Þá vekur það athygli að ekki virðist hafa verið leitað til félagsráðgjafa á „óformlegum“ fundum eða viðtölum sem rætt er um í skýrslunni og aðkoma fulltrúa félagsþjónustu skuli ekki vera áætluð nema í næsta fasa þar sem áætlað er að hafa víðtækt samráð og samvinnu um „ítrun tillagna“. Félagsráðgjafar sem starfa innan félagsþjónustu og barnaverndar eru þeir fagaðilar sem helst sinna börnum og ungmennum sem glíma við neyslu- og fíknivanda og fjölskyldur þeirra. Þeir hefðu því átt að koma að gerð tillagna en ekki einungis „ítrun“ þeirra. Flestir félagsráðgjafar sækja menntun sína til Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands sem hefur, ein háskóladeilda hérlendis, kennt í grunnámi námskeið um barnavernd, ofbeldi í fjölskyldum, áfengis- og vímuefnamál, auk sérstakra námskeiða um vinnu með börnum og unglingum í starfsréttindanámi á MA stigi. Margir félagsráðgjafar hafa einnig sótt sér viðbótarmenntun á vegum deildarinar til að sérhæfa sig eftir að þeir hefja störf, meðal annars á sviði barnaverndar, áfengis- og vímuefnamála og fjölskyldumeðferðar.

Einnig vekur athygli að ekki virðist hafa verið leitað til Foreldrahúss sem hefur frá árinu 1999 veitt þjónustu fyrir börn sem glíma við neyslu- og fíknivanda og fjölskyldur þeirra og eru meðal annars með opin síma allan sólarhringinn til að veita foreldrum ráðgjöf og stuðning.[1]

Í skýrslunni er fjallað um tveggja rúma afeitrunardeild ætlaða fyrir ólögráða ungmenni í alvarlegri vímuefnanotkun, sem fíknigeðdeild Landspítala opnaði 2. júní 2020 í samstarfi við Barna- og unglingageðdeild. Hins vegar kemur ekkert fram um hver eftirspurnin hefur verið eftir þjónustu deildarinnar vegna ólögráða ungmenna, þ.e. barna. Þá er ekkert fjallað um fjölda ólögráða ungmenna sem leita eftir þjónustu SÁÁ. Skýrslan tiltekur fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda fyrstu níu mánuði áranna 2018, 2019 og 2020 en þegar tölulegar upplýsingar Barnaverndarstofu fyrir þessi ár eru skoðaðar má sjá að 597 tilkynningar bárust

[1] Foreldrahús. (e.d.). Hjá Foreldrahúsi bjóðum við upp á víðtæka þjónustu fyrir alla fjölskylduna. Sótt 28. júní 2021 af https://foreldrahus.is/

barnaverndarnefndum landsins árið 2020 vegna neyslu barns á vímuefnum, 732 tilkynningar árið 2019 og 599 árið 2018.[2] Vert er að hafa í huga að fjöldi tilkynninga gefur ekki til kynna fjölda barna með neyslu- og fíknivanda enda leiða ekki allar tilkynningar til íhlutunar af hálfu nefndana og oft berast margar tilkynningar vegna sama barns. Árið 2020 bárust 34 umsóknir til Barnaverndarstofu um meðferð Stuðla og 118 umsóknir bárust um Fjölkerfameðferð (MST)[3] þessar umsóknir eru vegna barna sem glíma við margvíslegan vanda, þar á meðal neyslu- og fíknivanda og því gefa þessar tölur ekki til kynna fjölda barna sem þurfa á þjónustunni að halda vegna neyslu- og fíknivanda. Umsóknir um meðferð Barnaverndarstofu geta verið vegna afbrota unglings, ofbeldishegðunar, vímuefnaneyslu eða annars hegðunarvanda og þarf meðferðarstarfið að taka mið af því. Því er erfitt að áætla hversu mörg ólögráða ungmenni, þ.e. börn þurfi þjónustu vegna neyslu- og fíknivanda. Áfengis- og vímuefnaneysla barns er oft birtingarmynd undirliggjandi tilfinninga- og/eða hegðunarvanda og er það mikil einföldun að ætla að útfæra heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda innan fyrstu, annarar og þriðja stigs þjónustu nema sem lið í annari þjónustu.

Félagið tekur undir mikilvægi þess að efla altækar forvarnir innan skóla en liður í því er að tryggja aðgang að félagsráðgjöf innan skóla og því styður félagið tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem lögð var fram af Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur á 150. löggjafarþingi og endurflutt á 151. þingi.[4] Vanda þarf til skimana en eins og fram kemur í skýrslunni þá eru áhættuþættir sem þekktir eru sem undirliggjandi áhættuþættir vegna þróunar neyslu- og fíknivanda einnig áhættuþættir fyrir margvíslegan annan vanda. Því er varasamt að ætla að skima sérstaklega fyrir neyslu- og fíknivanda barna sem almenna fyrsta stigs forvörn, hins vegar getur verið rétt að skima fyrir slíkum vanda meðal barna sem glíma við fjölþættan vanda. Það er vænlegra til árangurs að stuðla að almennu heilbrigði barna og ungmenna, leggja áherslu á snemmtæka íhlutun strax á meðgöngu og tryggja aðgang foreldra að þverfaglegri þjónustu, þar með talið félagsráðgjöf. Þeir þurfa að hafa aðgang að þjónustu til 18 ára aldurs barns og geta Fjölskylduhús eins og þróuð hafa verið á Norðurlöndum sem upphafsstaður fyrir allar fjölskyldur gengt því hlutverki þannig að börn og fjölskyldur byrja í almennri þjónustu en er vísað í sérhæfðari þjónustu eftir því sem þörf krefur. Þjónustan getur ekki verið þróuð út frá neyslu- og fíknivanda eingöngu þó slík þjónusta tilheyri sérhæfðri annars og þriðja stigs þjónustu. Þá er vert að vekja athygli á því að Barnaverndarstofa hefur skoðað leiðir til að samræma mat á verndandi- og áhættuþáttum hjá börnum og fjölskyldum þeirra og fór af stað með tilraunaverkefni á tímabilinu 2015 til 2017 þar sem ESTER - MAT Á ÁHÆTTU- OG VERNDANDI ÞÁTTUM TENGDUM FRÁVIKSHEGÐUN BARNA var innleitt í barnaverndarstarf hér á landi.

> *ESTER er samræmt mats-, eftirfylgni-, og skráningarkerfi fyrir einstaklingsbundið mat á börnum(0-18 ár) sem sýna af sér eða eru í hættu á að þróa með sér frávikshegðun. Í ESTER er lögð áhersla á meta áhættu- og verndandi þætti sem sýnt hefur verið fram á, með rannsóknum, að hafi tengsl við frávikshegðun. Einnig er lögð áhersla á að tekið sé tillit til bæði áhættu- og verndandi þátta í mati á barninu og foreldrum þess. ESTER má nota bæði við meðferð og fyrirbyggjandi meðferð og hentar vel við eftirfylgni þegar fylgjast þarf með breytingum á áhættu- og verndandi þáttum til lengri tíma.*[5]

ESTER matstækið gagnast einnig innan félagsþjónustu, heilsugæslu og skóla en með samræmdu matstæki fæst sameiginlegur skilningur á áhættu- og verndandi þáttum sem hafa

---

[2] Barnaverndarstofa. (2021). Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2018 – 2020. Sótt 28. júní 2021 af https://www.bvs.is/media/almenningur/Skyrsla-um-samanburd-aranna-2018-2019-and-2020.pdf

[3] Barnaverndarstofa. (2021). Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2018 – 2020. Sótt 28. júní 2021 af https://www.bvs.is/media/almenningur/Skyrsla-um-samanburd-aranna-2018-2019-and-2020.pdf

[4] Alþingi. (2020). Tillaga til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum. Sótt 28. júní 2021 af https://www.althingi.is/altext/151/s/0114.html

[5] Andershed, H. og Andershed, A. K. (2014). ESTER – Handbók. Sótt 28. júní 2021 af https://www.bvs.is/media/eydyblod-v-medferdar/ESTER-Handbok-2.pdf

áhrif á þróun frávikshegðunar. Tafla 1 í skýrslunni sem ætlað er að sýna þróun vímuefnavanda ungmenna og þjónustuviðmið er áhugaverð og getur verið til leiðsagnar til að fá yfirlit yfir viðfangsefnið. Það vekur athygli að í skýrslunni er vísað til handbókar sem gefin var út í Bandaríkjunum árið 1994 og byggir á líkani um stigun forvarna sem sett var fram árið 1957. Þar kemur fram að það hafi orðið til þekking á orskafræði frá því líkanið var sett fram og handbókin var gefin út eða á tímabilinu 1957 til 1994 en ekki er rætt um hvaða þróun hefur orðið frá árinu 1994 til dagsins í dag.

Í skýrslunni er umfjöllun um samþættingu þjónustu og að fagfólk í fíknifræðum sé alla jafna sammála um að lífsálfélagslegt líkan lýsi best þróun vímuefnavanda, óháð aldri notandans. Jafnframt er vikið að frumvarpi félags- og barnamálaráðherra til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem samþykkt var sem lög frá Alþingi 11. júní 2021 en undirbúningur að framkvæmd þjónustu á grundvelli þeirra er þegar hafin. Skýrsluhöfundar virðast því meðvitaðir um mikilvægi samþættingar og þverfaglegarar nálgunar. Það er auðvelt að taka undir tillögu sem kemur fram undir „Forysta til árangurs“ um stofnun stýrihóps skipaðan fulltrúum heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis sem ætlað er að bera ábyrgð á að leggja fram sýn, stefnu og aðgerðaráætlun í því skyni að sameina heilbrigðis- og félagsþjónustu í heildræna velferðarþjónustu fyrir börn og ungmenni sem nota vímuefni. Þetta þarf þó að útvíkka í þjónustu fyrir börn og ungmenni almennt og mikilvægt að félagsráðgjafi sé valin í hópinn. Tillögur undir „Rétt þjónusta á réttum stað“ þarf að vinna betur með aðkomu þeirra sem hafa sérþekkingu í málefnum barna sem glíma við neyslu- og fíknivanda, svo sem félagsráðgjafa. Félagið getur stutt tillögur undir „Fólkið í forgrunni“ og vekur athygli á því að Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands bíður upp á nám á þessu sviði eins og fram hefur komið og tryggja þarf þverfaglega nálgun með þátttöku félagsráðgjafa. Tillögur undir „Virkir notendur“ er einnig hægt að styðja en notendamiðuð þjónusta er leiðarstefið í starfi félagsráðgjafa sem geta lagt mikið af mörkum í því skyni að ná þessum markmiðum. Tillögur undir „Skilvirk þjónustukaup“ er ekki hægt að framkvæma án aðkomu félagsráðgjafa sama á við um tillögur sem settar eru fram undir „Gæði í fyrirrúmi“ og „Hugsað til framtíðar“.

Félagsráðgjafafélag Íslands bendir á mikilvægi þess að félagsráðgjafi með sérþekkingu á málefnum barna og ungmenna með neyslu- og fíknivanda hafi aðkomu að útfærslu á framtíðarskipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda. Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður